



Samkvæmt nýjum gögnum frá OECD er mun minni stuðningur við barnafjölskyldur á Íslandi en í flestum vestrænum hagsæðarríkjum. Ísland er langt undir meðaltali OECD-ríkjanna og hin Norðurlöndin eru með mun riflegri barnabætur fyrir fjölskyldur með lágur tekjur. Hér byrja skerðingar barnabóta við lágmarkslaun á vinnumarkaði, sem er óvenju lágt. Fáir foreldrar fá því óskertar barnabætur.

Í fjárlögum fyrir næsta ár eru kynntar hækkanir barnabóta og skerðingarmarka en þær fela einungis í sér uppfærslu vegna verðlags- og launabreytinga, sem ekki komu fram að fullu árin 2020 og 2021, og skila þær því engum raunverulegum kjarabótum fyrir barnafjölskyldur.

Barnabætur eru of lágur á Íslandi

Barnabætur eru mikilvægur þáttur í kjörum fjölskyldna, einkum hjá lægri tekjuhópum. Viðast hvar í nútímalegum samfélögum er talið nauðsynlegt að létta framfærslubyrði ungra fjölskyldna þegar byrðin er hvað mest vegna húsnæðisöflunar og barneigna. Barnabætur eru ekki styrkur til barnafólks heldur tilfærsla milli tímabila á lífshlaupinu. Fólk fær barnabætur á fyrri hluta starfsferils þegar þörfin er mest en þegar börnin eru farin að heiman þá greiðir fólk hærri skatta til að fjármagna barnabætur til næstu kynslóðar á eftir.

Á Íslandi hafa greiddar barnabætur lengi verið lágur vegna mikilla skerðinga. Óskert upphæð bóta með fyrsta barni er nú um 19.500 krónur á mánuði fyrir hjón en um 32.550 fyrir einstæða foreldra. Þó grunnupphæð bótanna fyrir börn undir sjö ára aldri (þar sem greidd er sérstök uppbót á bæturnar) sé ekki sérlega lág miðað við önnur lönd, þá er byrjað að skerða bæturnar strax við lágmarkslaun á vinnumarkaði, sem í dag eru 351.000 krónur á mánuði. Það þýðir að fáir fullvinnandi foreldrar fá þessar óskertu barnabætur á Íslandi. Æskilegt væri að skerðingar byrji ekki fyrr en nálægt meðallaunum.

Danmörk er eina norræna landið utan Íslands þar sem barnabætur eru skertar vegna tekna. Þar byrja skerðingar hins vegar við mun hærri tekjur en hér á landi, eða við um 1,3 milljónir kr. á mánuði. Þá er skerðingarhlutfallið í Danmörku 2% en á Íslandi er það á bilinu 4–9,5%. Skerðingar barnabóta eru því miklu meiri á Íslandi en í Danmörku (sjá einnig skýrslu Kolbeins H. Stefánssonar, *Barnabætur á Íslandi í samanburði við hin Norðurlöndin*, sem unnin var fyrir BSRB árið 2019).

Hér eru sýndar nýjar upplýsingar frá OECD um örlæti barnabóta á Íslandi í samanburði við önnur aðildarríki samtakanna, og einnig samanburður á útgjöldum vegna barnabóta. Með barnabótum á OECD oftast við samanlögð framlög vegna barnabóta og fæðingarorlofs (tekjutilfærslur til barnafjölskyldna)

) og vega barnabæturnar sjálfar oftast mest. Við sýnum einnig þróun útgjalda til barnabóta á Íslandi frá 1988 til 2021, ásamt áætlun fyrir árið 2022. Niðurstöðurnar benda almennt til að örlæti barnabóta sé með minnsta móti á Íslandi í samanburði við önnur hagsæðarríki innan OECD-samtakanna.

Örlæti barnabóta í OECD-ríkjunum

Við skoðum örlæti barnabóta bæði til einstæðra foreldra og hjóna eða sambýlisfólks sem eru með tvö börn (6 og 9 ára) á heimilinu. Tekjur einstæðra foreldra eru miðaðar við hálf meðallaun, sem eru nærri lágmarkslaunum á almennum vinnumarkaði, en sá hópur fær hæstu bæturnar hér á landi. Tekjur hjónafólksins miðast við einn fullvinnandi á meðallaunum og aðra fyrirvinnu í hálfu starfi á meðallaunum, samtals um 75% af meðallaunum hjóna/sambúðarfólks. Það er því fólk sem er 25% undir meðallaunum fjölskyldna, það er miðja vegu milli fátæktarmarka og meðallauna. Upphæð bótanna er reiknuð af OECD sem hlutfall af meðallaunum í viðkomandi landi. Meðallaun eru heildartekjur fyrir skatta og iðgjöld til lífeyrissjóða.

Mynd 1 sýnir útkomuna fyrir einstæða foreldra með tvö börn, sem hafa tekjur nærri lágmarkslaunum. Það er mikilvægt fyrir samanburðinn, því kerfið á Íslandi er þannig að einstæðir foreldrar á lágum launum fá hæstu barnabæturnar. Samt er það svo að örlæti barnabótanna fyrir einstæða foreldra á Íslandi er með því lægra innan OECD ríkjahópsins, mun lægra en á hinum Norðurlöndunum. Við erum með 8,4% af meðallaunum í barnabætur fyrir einstæða foreldra, meðaltal OECD er 13,7% og hjá Dönum er það 17% meðallauna, eða tvöfalt það sem einstæðir foreldrar á Íslandi fá.


Mest er örlæti barnabóta þessa hóps í sumum löndunum á meginlandi Evrópu, til dæmis 29% meðallauna í Þýskalandi.

Algennt er í löndum Austur Evrópu að meðallaun séu mun lægri en vestar og norðar í álfunni og þar verða barnabætur því oft tiltölulega hátt hlutfall meðallauna. En barnabætur eru oft notaðar til að draga úr fátækt meðal barnafjölskyldna,

með góðum árangri þar sem örlætið er meira. Fátækt er víðast mun algengari meðal einstæðra foreldra en þar sem tvær fyrirvinnur eru á heimili og því eru barnabætur til þeirra yfirleitt hærrí en til hjóna og sambúðarfólks.

Barnabætur einstæðra foreldra með hálf meðallaun

Tvö börn, 6 og 9 ára



Mynd 1 Barnabætur einstæðra foreldra sem eru nærri lágmarkslaunum 2018. Tvö börn, 6 og 9 ára. Heimild: OECD.

Mynd 2 sýnir útkomuna fyrir hjón/sambúðarfólk sem er undir meðallaunum. Þar er einnig miðað við tvö börn, 6 og 9 ára. Þar er útkoman enn lakari fyrir Ísland, því við erum með minnst örlæti meðal þeirra þjóða sem á annað borð eru með barnabótakerfi fyrir hjónafólk.


Meðalupphæð barnabóta fyrir foreldra tveggja barna sem eru með minna en meðallaun á Íslandi er 2,5% meðallauna. Meðaltal OECD-ríkjanna allra er tvöfalt hærra, eða 5%, og hin Norður-

löndin eru með frá 3,9% til 6,0% meðallauna í landinu. Þau lönd sem eru með minna örlæti barnabóta fyrir hjón og sambúðarfólk eru annað hvort þekkt af því að hafa veikburða velferðaríki (eins og Bandaríkin og Nýja Sjáland) eða búa við mun lægra hagsældarstig en Ísland (eins og Tyrkland og Króatía).

Ísland býr því við mun lakara barnabótakerfi en frændþjóðirnar á hinum Norðurlöndunum og framfærslubyrði barnafólks er því að öðru jöfnu meiri á Íslandi.

Barnabætur hjóna með tvö börn, 6 og 9 ára

Annað foreldri í fullu starfi á meðallaunum, hitt í hálfu starfi



Mynd 2 Barnabætur hjóna/sambúðarfólks sem hafa samanlagt um 75% af meðallaunum fjölskyldna 2018. Tvö börn, 6 og 9 ára.
Heimild: OECD.

Á Íslandi er gert heldur betur við börn sem eru undir 7 ára aldri og kemur það inn í myndina þar eð annað barnanna í þessum reiknidæmum OECD er 6 ára. Ef tekið er mið af því að börnin séu 3ja og 6 ára þá kemur Ísland heldur betur út vegna barnabóta aukans fyrir börn undir 7 ára aldri, en samt er Ísland þar í 15. neðsta sæti af 40 OECD-ríkjum.


Þegar barnabætur eru skoðaðar eftir fjölda barna á heimili er útkoman svipuð. Þó bætur hækki með fleiri börnum þá er Ísland enn í hópi þeirra landa sem gera verr við barnafjölskyldur, líka við barnmargar fjölskyldur.

Útgjöld vegna barnabóta

Þar sem örþæti barnabóta er minna þar ættu útgjöld vegna barnabóta að vera lægri, ef börn eru í svipuðum fjölda á heimilum í þeim löndum sem borin eru saman. Eins og við er að búast af framangreindum gögnum, þá eru útgjöld hins opinbera vegna barnabóta í lægri kantinum á Íslandi. Við erum í 12. neðsta sæti af 37 OECD ríkjum hvað þetta varðar, eins og sjá má á mynd 3.

Útgjöld vegna barnabóta og fæðingarorlofs í OECD ríkjum

% af landsframleiðslu 2017



Mynd 3 Útgjöld vegna barnabóta og fæðingarorlofs í OECD ríkjum 2017, sem % af landsframleiðslu. Heimild: OECD.

Á Íslandi skiptast útgjöldin svona: barnabætur=0,4%; fæðingarorlof=0,5%.

Ef örlæti barnabóta væri svipað á Íslandi og á hinum Norður- löndunum þá ættu útgjöld vegna barnabóta að vera hæst á Íslandi því hér eru að jafnaði fleiri börn á heimilum. En útgjöldin eru sem sagt markvert lægri á Íslandi.

Ríkisstjórnin segist hækka barnabætur á næsta ári: Stenst það?


Stuðningur stjórnvalda við fjölskyldur vinnandi fólks, í formi barnabóta, vaxtabóta og húsaleigubóta, var almennt mun meiri á árabílinu 1988 til 1996 en er nú á dögum. Slíkur stuðningur rýrnaði á áratugnum fram að hruni en jókst svo umtalsvert á tíma vinstri stjórnarinnar eftir hrun (mest vaxtabæturnar). Eftir

2013 hefur stuðningur við heimilin minnkað verulega á ný og er nú með minnsta móti.

Mynd 4 sýnir bein útgjöld vegna barnabóta einna (fæðingar- orlof er ekki talið með hér) frá 1998 til 2021, ásamt áætlun fyrir 2022 (sem hlutfall af landsframleiðslu). Þar má sjá umtalsverða lækkun frá 2013 til 2016. Í tengslum við Lífskjarasamninginn 2019 voru skerðingarmörk barnabóta hækkuð og upphæð bótanna einnig lítillega. Það færði útgjaldahlutfall barnabótanna úr 0,4% af landsframleiðslu í um 0,5%. Það var sem sagt mun minni hækkan en virtist við fyrstu sýn. Sú hækkan dugði engan veginn til að breyta þeirri mynd af örlæti barnabóta á Íslandi sem fram hefur komið á myndum 1 og 2 hér að framan.

Opinber útgjöld vegna barnabóta á Íslandi

% af landsframleiðslu 1998 til 2022



Mynd 4 Þróun útgjalda vegna barnabóta einna, frá 1988 til 2022. Árið 2022 er áætlun skv. fjárlögum og þjóðhagsspá.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Við framlagningu fjárlaga fyrir árið 2022 nýlega kynnti ríkisstjórnin áform um að hækka skerðingarmörk og upphæð barnabóta aftur á svipaðan hátt og gert var árið 2019. Samkvæmt gögnum fjárlaganna var kostnaður vegna barnabóta aftur kominn úr 0,5% í 0,4% á árinu 2021.

Samkvæmt sömu gögnum gerir fjármálaráðuneytið ráð fyrir að kynntar hækkanir bótanna nú muni ekki hafa í för með sér aukinn kostnað á árinu 2022, heldur verði hann sá sami og árið 2021 (14 milljarðar – og fer þá rétt undir 0,4% af landsframleiðslu). Þetta eru því í raun breytingar sem fyrst og fremst fela í sér hækkan að hluta í samræmi við verðlag og launaþróun,

en óskert upphæð barnabótanna hefur ekki verið verðbætt frá árinu 2019. Fjárhæðir barnabóta hækka á bilinu 5,5% til 5,8% en hefðu þurft að hækka um rúmlega 10% til að halda verðgildi sínu frá 2019. Lægri skerðingarmörk verða áfram jöfn lágmarkslaunum á vinnumarkaði. Þetta felur því ekki í sér kjarabætur fyrir barnafjölskyldur sem neinu nemur.

Staða barnabóta á Íslandi verður því áfram með þeim hætti sem gögn OECD sýna, með óeðlilega lítinn stuðning við barnafjölskyldur miðað við hagsældarstig landsins. Æskilegt væri að mun fastar verði tekið í árararn í þessu máli í tengslum við komandi kjarasamning á næsta ári.